

33. *Menn og fuglar*

I

Áðan stóð ég og var að horfa á þessa nýju prýði höfuðstaðarins, villiendurnar á Tjörninni. Hversu fallegar þær voru, þar sem þær syntu saman í tilhugalifinu. Hversu auðveldlega þeim veitti að lyfta sér upp úr vatninu til flugs. Ég fór að hugsa um þær tilfinningar, sem mundu vera samfara þessum léttleika, og hversu óglöggir ýmsir þeir sem við heimspeki hafa fengist, eru á það, hve mjög vér mennirnir stöndum dýrunum, og þá einkum fuglunum, að baki um suma þá hluti, sem mest er undir komið. Lífmannanna er kák og fálm; vér skiljum það best þegar á gamals aldur er komið. En fuglarnir taka þegar frá eggini hina réttu stefnu. Þar er ekkert fálm. Á því getur enginn vafi leikið, að gleði og ánaægja, farsæld, rétt fengin, er eitt takmark lífsins; vér getum jafnvel með nokkrum sanni sagt, hið æðsta takmark. Og mikill er sá munur, hve fuglarnir eru oss mönnunum þar fremri. Blóðið í þeim er 6—7 stigum heitara en mannsblóð, lungun langtum betri, hjartað miklu sterkara. Og eftir því er munurinn á líðan fugls og manns. Það má um fuglana segja, eigi einungis í eiginlegrí merkingu orðsins, að þeir eru þegar hér á jörðu í himnaríki. Hvílik farsæld því hlýtur að fylgja að geta flogið, slíkt er farsæld í hinni eiginlegu merkingu orðsins. Vér getum ráðið það af vorum eigin tilfinningum, þegar vér fáum í svefni samband við einhvern framliðinn, sem er að byrja að geta svifið í loftinu. En varla mun vera sá maður, sem ekki hefir einhverntíma dreymt slíkan draum.

Jafnvel að því er sumar tegundir vits snertir, eru fuglarnir mönnunum langtum fremri. Fuglinn er miklu fullkomnara viðtæki gagnvart sumum geislum þeirrar visku, sem hefir staðið fyrir smíð heimsins. Hvað er dulsæis- eða skyggnisgáfa jafnvel hinna ágætustu spámanna, á móts við slíka hæfileika fuglanna! Og einungis með slíku sambandi við vit sem er miklu meir en mannlegt, verður það skýrt, hvernig fuglarnir fara að rata yfir úthöfin, og vita hvenær vorið er komið, þar sem þeir ætla til sumardvalar. En þó að guðsamband fuglsins sé miklu fullkomnara en mannsins, þá er

um mjög mikla einhæfingu að ræða, viðtæknin á þróngu svæði, hjá því sem verða mun hjá mönnunum, þegar rétt fer að horfa í því efni.

II

Þegar heim kom sá ég í nýútkominni „Eimreið“ kafla eftir dr. Alex. Cannon, en hafði áður verið að lesa allmikla bók eftir Sir Oliver Lodge, sem hann nefnir heimspeki sína („My Philosophy“), og er það að vísu fróðlegt rit, sem ber þess ljós merki að vera eftir mikinn speking og vísindamann. En þó hika ég ekki við að segja, að bæði hjá dr. Cannon og Sir Oliver vantar einmitt það, sem eitt getur gert dulfræðin að náttúrvísindum, skilninginn á magnanar- og sambandseðli lífsins og svefn einsins, og á því, hversu öll trú á anda, og yfirleitt dulverur, er sprottin af misskildu sambandi við lífverur sem aðrar stjörnur byggja, og eru engu síður líkamlegs eðlis en vér hér á jörðu. Og skilningsskorturinn á tilgangi lífsins kemur fram í því, að gera sér ekki fullkomlega ljóst, að einnig líf dýra (og jurta!) heldur áfram þrátt fyrir dauðann, og að vér hér á jörðu erum í útjaðri sköpunarverksins, þar sem hið guðlega getur aðeins að litlu leyti komið sér við. En það er vegna þess, að hið guðlega getur ekki nálgast hið ófullkomna, nema með því að fjarlægjast sína eigin fullkomnun. Aðalmarkmið vort hér á jörðu hlýtur því að vera, að oss lærist svo að leita í áttina til hins guðlega, að fullkomnara samband geti orðið, svo miklu fullkomnara, að maðurinn geti í raun og sannleika orðið leiðtogi lífsins hér á jörðu, og stjórnandi náttúruaflanna eins og þau koma hér fram.

5. apríl 1941.

34. Hinn framliðni Conan Doyle talar um framlíf og framtíð

I

Milljónir manna víðsvegar um heim munu hafa lesið um tal, sem Harry Price, með tilstyrk miðilsins Mrs. Garrett, hefir átt við hinn framliðna Conan Doyle, er heimsfrægur var bæði sem skáldsagnahöfundur og spíritisti. Hefi ég séð